

**EFLING NÁMS- OG
STARFSRÁÐGJAFAR
NEFNDARÁLIT**

**Menntamálaráðuneytið
1998**

**Efling náms- og starfsráðgjafar
Nefndarálit**

*Staða starfs- og námsráðgjafar
Hlutverk og verksvið
Tillögur*

**Menntamálaráðuneytið
Október 1998**

Menntamálaráðuneytið: Skýrslur og álitsgerðir 2

Október 1998

Útgefandi: Menntamálaráðuneytið
Sölvhólgötu 4
150 Reykjavík
Sími: 560 9500
Bréfasími: 562 3068
Netfang: postur@mrn.stjr.is
Veffang: www.mrn.stjr.is

Hönnun kápu: XYZETA ehf.
Mynd á forsiðu Guðmundur Páll Ólafsson
úr bókinni *Ströndin*, Mál og menning 1995

Prentun kápu: Svansprent ehf.

Prentun og
frágangur: Iðnú bókaútgáfa

© 1998 Menntamálaráðuneytið

ISBN 9979-882-01-8

Efnisyfirlit

| | |
|---|-----------|
| Formáli | 5 |
| Inngangur | 7 |
| Helstu tillögur..... | 8 |
| | |
| 1. kafli: Staða náms- og starfsráðgjafar | 11 |
| Inngangsorð..... | 11 |
| Ársskýrslur námsráðgjafa..... | 12 |
| | |
| 2. kafli: Hlutverk og verksvið | |
| náms- og starfsráðgjafa..... | 15 |
| Tillaga að almennri starfslýsingu..... | 15 |
| | |
| 3. kafli Efling náms- og starfsráðgjafar..... | 18 |
| Inngangsorð..... | 18 |
| Rökstuðningur og frekari útfærsla | |
| á helstu tillögum nefndarinnar..... | 18 |
| | |
| Lokaorð | 28 |
| Heimildir | 29 |

Formáli

Hinn 12. september 1997 skipaði menntamálaráðherra nefnd til að kanna stöðu náms- og starfsráðgjafar á grunnskólastigi, framhaldsskólastigi og háskólastigi. Nefndinni var jafnframt falið að gera tillögur um hvernig styrkja megi náms- og starfsráðgjöf á þessum skólastigum. Samkvæmt skipunarbréfi voru verkefni nefndarinnar sem hér greinir:

1. *Semja yfirlit yfir stöðu náms- og starfsráðgjafar á ofangreindum skólastigum.*
2. *Gera tillögur um hvernig efla megi þátt náms- og starfsráðgjafar í skólastarfi og hvernig úrbóta er helst þörf.*
3. *Nefndin skal einnig fjalla um sérstök úrlausnarverkefni, s.s. brottfall nemenda frá námi og annað sem stuðlar að markvissum framgangi nemenda.*

Nefndina skipuðu:

Ásta Kr. Ragnarsdóttir, tilnefnd af Háskóla Íslands.
Guðrún Sederholm, án tilnefningar, formaður nefndarinnar.
Ólafur J. Arnbjörnsson, tilnefndur af Skólameistarafélagi Íslands.
Sigrún Ágústsdóttir, tilnefnd af Félagi náms- og starfsráðgjafa.
Sigrún Harðardóttir, tilnefnd af Félagi náms- og starfsráðgjafa.

Starfsmaður nefndarinnar, Elín Skarphéðinsdóttir stjórnarráðsfulltrúi, vann einkum að upplýsingaöflun og aðstoðaði við ritun og frágang skýrslunnar.

Nefndin hóf þegar störf og var fundað reglulega frá september 1997 fram í júní 1998. Gagna- og upplýsingaöflun fór fram, gestir voru fengnir á fundi til að miðla upplýsingum og áhersla var lögð á innheimtu ársskýrslna námsráðgjafa á öllum skólastigum til að fá sem gleggsta mynd af núverandi stöðu. Áfangaskýrslu var skilað til ráðuneytisins í byrjun desember.

Nefndin sendi verkefnisstjórn um endurskoðun aðalnámskráa grunnskóla og framhaldsskóla álitserð með ábendingum um ýmsa þætti sem hún leggur áherslu á að komist inn í námskrárnar.

Verkefni nefndarinnar reyndist umfangsmikið en nefndarmenn voru einhuga um að halda sig innan þeirra marka sem skipunarbréfið setti þeim.

Í fyrsta kafla skýrslunnar er greint frá stöðu náms- og starfsráðgjafar í grunnskólum og framhaldsskólum með hliðsjón af gögnum sem nefndin aflaði. Settir eru fram ábendingar eða athugasemdir um þætti sem styrkja þarf og bæta í ráðgjöfinni.

Í öðrum kafla skýrslunnar er fjallað um hlutverk og verksvið náms- og starfsráðgjafa. Lögð er fram almenn starfslýsing fyrir náms- og starfsráðgjafa sem lagt er til að notuð sé til viðmiðunar við skipulagningu starfsins á mismunandi skólastigum.

Í þriðja kafla er nánari útfærsla og greinargerð með **Helstu tillögum**.

Nefndarmönnum þykir rétt að taka fram að í skýrslu þessari er ekki fjallað sérstaklega um námsráðgjöf í sérskólum og á háskólastigi, að öðru leyti en því er varðar kennslu og lengingu náms í námsráðgjöf við Háskóla Íslands. Námsráðgjöf Háskóla Íslands hefur um 15 ára skeið sinnt að stórum hluta ráðgjöf við fólk sem ekki er skráð í háskólann. Af þeim 4000 viðtölum sem

tekin eru á ári hverju eru 6 af hverjum 10 viðtöl við þá sem ekki eru skráðir nemendur við Háskóla Íslands. Í þessum hópi eru nemendur í efri bekkjum framhaldsskóla, fólk sem ekki hefur haldið áfram námi að loknu stúdentsprófi en hyggst taka upp þráðinn að nýju og fólk sem hvarf frá námi áður en það lauk stúdentsprófi og vill kanna hvaða möguleikar standa til boða. Einnig leita þjónustu einstaklingar úr atvinnulífinu sem ýmist vilja bæta við sérmenntun sína eða breyta um starfsvettvang og leita ráðgjafar í þeim tilgangi að afla sér upplýsinga um símenntun og endurmenntun. Ekki er ástæða til að Háskóli Íslands beri einn ábyrgð á þessum þjónustuþætti og með stofnun sérstakrar ráðgjafar opinni almenningi má ætla að þessari ásókn í ráðgjöf verði að stærstum hluta létt af háskólanum.

Rit þetta er að finna undir **útgefið efni** á heimasíðu menntamálaráðunetisins www.mrn.stjr.is

Inngangur

Námsráðgjafar sinna ráðgjöf við nemendur sem eiga í námstengdum og persónulegum vanda. Starfið er umfangsmikið og vandasamt og mikilvægt að það sé unnið á faglegan hátt. Námsráðgjafi er **trúnaðarmaður** og **talsmaður nemanda**. Starfið skiptist í stórum dráttum í tvennt; **ráðgjöf um nám og störf** og **persónuleg ráðgjöf**. Stór hópur nemenda á í alvarlegum persónulegum vanda sem nauðsynlegt er að greina rétt til þess að ráðgjöf gagnist sem skyldi. Því er mikilvægt að nám í námsráðgjöf við Háskóla Íslands mæti þessum áherslum með lengingu námsins. Í ársskýrslum námsráðgjafa kemur þetta berlega í ljós og þeir kalla beinlínis eftir markvissri stefnu í ráðgjöf við nemendur sem eiga í persónulegum vanda.

Tækniþróun, aukin samkeppni og alþjóðavæðing hefur á síðustu árum haft víðtækar breytingar og áhrif á líf og störf fólks. Fjölgun námsleiða, fjölbreytni og breytileiki gerir náms- og starfsval flóknara og eykur kröfur um aukna menntun og símenntun. Ný tækni skapar áður óþekkta möguleika innan menntakerfisins. Tilkoma alnetsins og gagnvirk samskiptatækni opnar áður óþekktar leiðir til náms og hefðbundin skólstofa er ekki lengur eini valkosturinn. Fjarkennsla óháð tíma og stað sem hægt er að laga að þörfum hvers einstaklings gefur færi á fleiri leiðum til náms en áður hafa þekkt. Val á námi og starfi er ekki lengur bundið ákveðnu æviskeiði. Þessi þróun leggur nýjar skyldur á herðar þeim sem skipuleggja menntun. Í nýrri skólustefnu menntamálaráðuneytisins gegnir námsráðgjöf veigamiklu hlutverki í þjónustu skólans við nemendur.

Brottfall úr námi og atvinnuleysi eru alvarleg vandamál sem þarf að takast á við og svara. Einstaklingar upplifa margvíslega sálræna og félagslega erfiðleika sem fylgja atvinnuleysi og brottfalli og stundum er persónulegur vandi nemenda með þeim hætti að þeir gefast upp og falla frá námi. Þetta fólk þarf að styðja því ekkert þjóðfélag hefur efni á að mannaður fari forgörðum. Í nýrri skólustefnu menntamálaráðuneytis er stefnt að því að draga úr brottfalli með skýrari námskröfum, aukinni upplýsingamiðlun um nám og störf, inntökuskilyrðum á einstakar brautir og fjölbreyttara námsframboði, einkum í starfsnámi.

Náms- og starfsráðgjöf hefur það að markmiði að efla vitund einstaklinga um viðhorf sín, áhuga og hæfileika, þannig að þeir fái notið sín í námi og starfi. Sjálfsþekking gerir fólk hæfara til að takast á við álag og kröfur samfélagsins og auðveldar því að meta hvaða vettvangur hentar best. Aðstoð og ráðgjöf við námsval og aðstoð og ráðgjöf meðan á námi stendur eru tveir meginþættir í starfi náms- og starfsráðgjafa. Fagleg greining á persónulegum vanda nemenda og samráð við sérfræðinga sem vísað er til hjálpar þeim að takast á við líf og störf og búa þeim um leið viðunandi vinnuskilyrði í skóla og heima.

Helstu tillögur

1. Miðstöð sérfræðiþjónustu

Lagt er til að stofnuð verði miðstöð sérfræðiþjónustu sem hafi það að meginmarkmiði að stuðla að faglegri og öflugri námsráðgjöf í landinu með því að:

- þjónusta náms- og starfsráðgjafa um land allt.
- veita námsráðgjöfum faglegan stuðning og þjónusta þá við lausn persónulegra og félagslegra vandamála skjólstæðinga þeirra.
- standa fyrir handleiðslu fyrir náms- og starfsráðgjafa.
- stuðla að samstarfi náms- og starfsráðgjafa á öllum skólastigum og Vinnumálastofnunar félagsmálaráðuneytis / svæðisvinnumiðlana auk annarra aðila sem starfa á þessum vettvangi.
- safna, varðveita, þróa og miðla gögnum og upplýsingum á sviði náms- og starfsráðgjafar.
- miðstöð sérfræðiþjónustu taki þátt í að koma á fót náms- og starfsráðgjöf sem opin er almenningi. Þar geti foreldrar og aðstandendur einnig leitað leiðsagnar og ráðgjafar.

2. Starfslýsingar náms- og starfsráðgjafa

Lagt er til að stuðst verði við samræmdar lýsingar á starfssviði náms- og starfsráðgjafa þegar starfssvið þeirra er skipulagt innan einstakra skóla.

3. Lenging á námi náms- og starfsráðgjafa

Lagt er til að nám í náms- og starfsráðgjöf við Háskóla Íslands verði lengt úr einu ári í tvö ár og að því ljúki með meistaraþrófi. Hugað verði að uppbyggingu námsins í fjarkennslu.

4. Samstarf á sviði náms- og starfsráðgjafar

Lagt er til að menntamálaráðuneytið hafi frumkvæði í því að koma á markvissu samstarfi náms- og starfsráðgjafa á öllum skólastigum og annarra aðila sem starfa á þessum vettvangi s.s. Vinnumálastofnunar félagsmálaráðuneytis / svæðisvinnumiðlana.

5. Fjölgun stöðugilda í náms- og starfsráðgjöf í skólum

Lagt er til að eitt stöðugildi í námsráðgjöf verði á hverja 300 nemendur í grunn- og framhaldsskólum, þó þannig að aldrei verði ráðið í starf náms- og starfsráðgjafa undir hálfu stöðugildi.

6. Handleiðsla

Lagt er til að námsráðgjöfum verði tryggð handleiðsla. Þeir sem sinna störfum sem byggja á nánnum mannlegum samskiptum, þar sem viðkvæm persónuleg mál eru meginviðfangsefni, þurfa á markvissri handleiðslu að halda m.a. til að koma í veg fyrir ofþreypu og starfsbruna.

7. *Ársskýrslur*

Menntamálaráðuneytið beiti sér fyrir því að komið verði á samræmdu skráningarkerfi náms- og starfsráðgjafa þannig að tölulegar upplýsingar á hverjum tíma gefi skýrari heildarmynd af viðfangsefnum námsráðgjafa og þörfum nemenda á hverju skólastigi. Form ársskýrslna námsráðgjafa verði samræmt til að auðvelda skýrari markmiðasetningu, fyrirbyggjandi aðgerðir, mat á brýnum þróunarverkefnum, úrvinnslu o.fl.

8. *Brottfall í framhaldsskólum*

Lagt er til að unnið verði markvisst að þáttum sem dregið geta úr brottfalli nemenda og að:

- könnuð verði viðhorf nemenda í 10. bekk grunnskóla til náms og starfa.
- stuðlað verði að fjölbreyttara námsframboði í 8.-10. bekk og nemendum gefinn kostur á að ljúka grunnskóla með fjölbreyttari hætti en nú er.
- stuðlað verði að fjölbreyttara námsframboði þegar á fyrsta ári framhaldsskóla, sérstaklega hvað varðar aðgengi í starfsnám og nám á listabrautum.
- tekin verði upp markviss kennsla í námstækni og vinnubrögðum sem og leiðsögn í vinnulagi innan einstakra námsgreina. Kennurum verði gefinn kostur á námskeiðum í hvernig leiðbeint er um námstækni.
- þjónusta við nemendur með sérþarfir verði eflað.
- nýnemum í framhaldsskólum verði veitt öflug ráðgjöf og stuðningur og staða þeirra metin á þeim grundvelli strax á fyrstu önn.
- fylgst verði með nemendum. Tryggt verði að nemandi hverfi ekki frá námi án þess að skrá sig formlega úr skóla og tilgreina ástæður og hvað framundan er. Enginn nemandi hætti í skóla án sérstakrar ráðgjafar.
- brottfall verði gert að sérstöku umfjöllunarefni í öllum framhaldsskólum og nemendur gerðir meðvitaðir um stuðningsleiðir og úrræði.
- samstarf foreldra og framhaldsskóla verði endurskoðað m.t.t. til hækkunar sjálfræðisaldurs í 18 ár og upplýsingaskylda skólans gagnvart foreldrum/forráðamönnum.

9. *Náms- og starfsfræðsla*

Lagt er til að:

- náms- og starfsfræðsla verði skyldunámsgrein í 8. - 10. bekk grunnskóla.
- framhaldsskólar bjóði fram skylduáfangi og valáfanga í náms- og starfsfræðslu.
- nemendur á lokaári í framhaldsskóla fái kennslu og leiðsögn um náms- og starfsval.

- staðið verði fyrir námskynningu fyrir nemendur í efri bekkjum grunnskóla og nemendur framhaldsskóla á eins til tveggja ára fresti. Námsframboð framhaldsskóla og menntakerfisins í heild verði kynnt nemendum og foreldrum / forráðamönnum.

10. *Starfskynningar, starfsfræðslufulltrúar*

- komið verði á skipulögðum starfskynningum í grunnskólum og framhaldsskólum í samstarfi skóla og atvinnulífs og/eða sveitarfélaga.
- staðið verði fyrir stuttu hagnýtu námi fyrir starfsfræðslufulltrúa í atvinnulífinu sem kynna nemendum í grunn- og framhaldsskóla störf og viðfangsefni starfsgreinar sinnar og vettvangs. Námið verði skipulagt í samstarfi og samráði við nám í námsráðsgjöf við Háskóla Íslands og starfsgreinafélög í atvinnulífinu.

11. *Ráðgjöf við almenning*

Lagt er til að komið verði á fót náms- og starfsráðgjöf sem opin er almenningi. Slík ráðgjafarmiðstöð þjóni ungu fólki á krossgötum í námi og starfi sem kys að leita til utanaðkomandi hlutlausra aðila, sem og fólki á öllum aldri sem hefur hug á að skipta um starf og/eða afla sér framhalds- og/eða endurmenntunar.

12. *Reglugerð fyrir grunnskóla*

Lagt er til að menntamálaráðuneytið setji reglugerð um námsráðgjöf í grunnskólum.

1. kafli. Staða náms- og starfsráðgjafar

Inngangsorð

Leitað var eftir upplýsingum stöðu námsráðgjafar í grunn- og framhaldsskólum. *Grunnskólar* : Upplýsingar bárust frá Fræðslumiðstöð Reykjavíkur og flestum skólaskrifstofum grunnskólanna sem og skólunum sjálfum. Tölur þær sem hér eru settar fram eru byggðar á upplýsingum sem fram koma í skýrslum skrifstofanna en undir þær falla 183 grunnskólar eða um 90% grunnskóla á landinu. Stöðugildi í þessum grunnskólum eru 15,5, þar af 11,5 í Reykjavík. Fjöldi nemenda á stöðugildi í námsráðgjöf í Reykjavík er 1278. Í Reykjavík er miðað við að 1/2 staða námsráðgjafa sé í hverjum skóla með unglingadeild. Af þessum tölum má ráða að u.þ.b. helmingur nemenda á grunnskólastigi, eða um 20.000 nemendur, nýtur ekki þjónustu námsráðgjafa. Námsráðgjafar við grunnskóla Reykjavíkur vinna samkvæmt starfslýsingu Fræðslumiðstöðvar þar sem fram koma eftirfarandi verkefni:

- „veita nemendum ráðgjöf um náms- og starfsval og veita nemendum fræðslu um nám, störf og atvinnulíf,
- leiðbeina nemendum um vinnubrögð í námi,
- veita nemendum ráðgjöf í einkamálum, þannig að þeir eigi auðveldara með að ná settum markmiðum í námi sínu,
- taka þátt í að skipuleggja náms- og starfsfræðslu í skólanum,
- undirbúa nemendur undir flutning milli skóla og eða skólastiga og fylgja þeim eftir inn í framhaldsskóla,
- aðstoða nemendur við að gera sér grein fyrir eigin áhugasviðum og meta hæfileika sína raunsætt miðað við nám og störf,
- sinna fyrirbyggjandi starfi, t.d. vörnum gegn vímuefnum, einelti og ofbeldi í samstarfi við starfsmenn skóla og aðra s.s. starfsmenn Fræðslumiðstöðvar og félagsmiðstöðva.“

Námsráðgjafi vinnur í nánú samstarfi við foreldra eftir því sem við á. Einnig hefur hann samráð og samstarf við aðra sérfræðinga innan eða utan skólans, s.s. sérkennara, hjúkrunarfræðing, skólasálfræðing og vísar málum einstaklinga til þeirra eftir því sem við á. Námsráðgjafi skal gæta þagmælsku varðandi málefni skjólstaðinga sinna.“

Grunnskólanemendur fá kynningu á starfsemi og námsframboði framhaldsskóla með heimsóknnum og útgáfu kynningarefnis. Allir nemendur í 10. bekk grunnskóla fá í hendur upplýsingaritið „**Nám að loknum grunnskóla**“ sem árlega er gefið út af menntamálaráðuneytinu. Nemendur í efri bekkjum grunnskóla og aðstandendur þeirra hafa nýtt sér sameiginlega námskynningu sem Háskóli Íslands hefur staðið fyrir um árabil.

Viðbrögð *framhaldsskóla* við beiðni nefndarinnar um upplýsingar voru góð. Svör bárust frá 26 skólum eða 81% allra almennra framhaldsskóla á landinu. Ársskýrslur bárust frá 19 skólum. Fjöldi nemenda í þessum 26 framhaldsskólum er samtals 15076 og stöðugildi í námsráðgjöf 22 og meðaltal nemendafjölda á hvert stöðugildi 685. Margir náms- og starfsráðgjafar gegna hlutastarfi. Tekið er fram að nemendatölur miðast við dagskólanemendur.

Áhersla á náms- og starfsráðgjöf er mismikil á milli skóla. Sem dæmi má nefna skóla með 1.5 stöðugildi fyrir 1600 nemendur, 2,5 stöðugildi á 1500 nemendur og 1 stöðugildi fyrir 535 nemendur.

Leitað var eftir upplýsingum um menntun þeirra sem sinna námsráðgjöf. Flestir sem sinna námsráðgjöf hafa lokið námi í námsráðgjöf við HÍ, næst flestir eru framhaldsskólakennarar eða félagsráðgjafar, nokkir hafa ráðgjafarmentun erlendis frá og sérmenntun í sálfræði.

Ársskýrslur námsráðgjafa

Framsetning og inntak ársskýrslna námsráðgjafa framhaldsskóla er breytileg og rýrir það mjög upplýsingagildi þeirra. Sums staðar gætir þess að blandað er saman hugmyndum um verksvið námsráðgjafans og beinna upplýsinga um verkefni hans á árinu. Tölulegar upplýsingar skortir víða, hvort sem um er að ræða eðli viðfangsefna eða fjölda einstaklinga sem leitað hafa ráðgjafar. Í fæstum tilfellum er að finna markmiðslýsingu eða mat á starfinu heldur einungis lögð fram lýsing á því sem gert hefur verið. Nefndin leggur því til að ráðuneytið beiti sér fyrir því að komið verði á samræmdu skráningarkerfi um náms- og starfsráðgjöf.

Árið 1989 skipaði þáverandi menntamálaráðherra, Svavar Gestsson, nefnd til að fjalla um námsráðgjöf og starfsfræðslu í skólum. Nefndin skilaði skýrslu 1991. Í henni segir m.a. um hlutverk námsráðgjafa: „Hlutverk námsráðgjafa, eins og annarra starfsmanna skólans, er að standa vörð um velferð allra nemenda“ og í samantekt stendur einnig að þeim beri að styðja skólastjórnendur, kennara og aðra starfsmenn og forráðamenn nemenda í fræðslu- og uppeldisstarfinu. „Námsráðgjafi er ekki hluti af stjórn skólans en hefur seturétt á fundum skólastjóra og kennararáðs / skólastjórnar þegar fjallað er um hagsmunamál nemenda almennt eða málefni einstakra nemenda“. Á sömu síðu, bls. 22, er einnig fjallað um að námsráðgjafi sé trúnaðarmaður og málsvari nemenda. Þessir þættir eru settir hér í forgrunn þar sem vísað er til þeirra í umfjöllun um stöðu námsráðgjafans með hliðsjón af því sem fram kemur í ársskýrslunum.

Hér á eftir er leitast við að draga fram helstu verkþætti náms- og starfsráðgjafa í framhaldsskólum eins og þeir birtast í ársskýrslunum og settar eru fram ábendingar eða athugasemdir um einstaka þætti sem styrkja þarf og bæta.

Helstu verkþættir:

Ráðgjöf - almenn ráðgjöf og einstaklingsbundin (persónuleg)

- almenn ráðgjöf: kynningarstarf innan skólans og útávið: skólinn og starfsemi hans, námsframboð, skólareglur, mætingarreglur o.fl.
- kynning á námsframboði framhaldsskólans fyrir nemendur 10. bekkjar grunnskóla innan skólasvæðis,
- ráðgjöf við innritun nýnema,
- liðsinnt um val á námsbraut eða áföngum með hliðsjón af áhugasviði (áhugagreining),
einstaklingsviðtöl og -ráðgjöf (persónuleg),
- ráðgjöf við skólastjórnendur, kennara.

Leiðbeint um námstækni.

Aðstoð vegna námsvanda:

- einstaklingsprófun vegna lestrarörðugleika,
- viðtöl við nemendur sem sýna slakan námsárangur,
- viðtöl við nemendur vegna lélegrar skólasóknar,
- aðstoð í prófum vegna nemenda með sértæka erfiðleika.

Greining á vanda:

- leitað leiða til úrlausnar
- samstarf við sérfræðinga.

Samstarfsaðilar: umsjónarkennarar/kennarar, forráðamenn nemenda,

Samskipti vegna sérkennslu: kennarar, aðstandendur, ráðuneyti, ýmsar stofnanir.

Þátttaka í fundum, námskeiðum, ráðstefnum.

Fagleg afmörkun námsráðgjafar. Nokkur munur virðist vera á faglegri afmörkun námsráðgjafa eftir skólum. Dæmi eru um að þeir vinna við hlið stjórnenda að verkefnum sem tilheyra stjórnun og almennum skrifstofustörfum og greina má óljós mörk milli starfa kennslustjóra / áfangastjóra og námsráðgjafa. Nefndarmenn taka eindregið undir það sem fram kemur um hlutverk námsráðgjafa í skýrslu nefndar um námsráðgjöf í starfsfræðslu í skólum frá 1991 sbr. framanritað þar sem kveðið er á um að námsráðgjafar séu **ekki** hluti af stjórn skólans heldur **talsmenn nemenda** og **trúnaðarmenn**. Mörgum námsráðgjöfum er ætlað að sinna eftirlitshlutverki um leið og þeir eiga að vera trúnaðarmenn. Faglega er þetta ekki hægt nema að ganga á rétt nemandans. Skýrt er kveðið á um þetta í námi námsráðgjafa, félagsráðgjafa, sálfræðinga og annarra sem hlotið hafa sérmenntun í ráðgjöf.

Allir námsráðgjafar kvarta undan óhóflegu **vinnuálagi** og **mannekle**.

Námsráðgjöf er í sjálfu sér deild innan skóla. Þar fer fram skipulagning, samræming, áætlanagerð og fagleg umsjón. Þar sem fleiri en einn námsráðgjafi vinna að námsráðgjöf fer einn með deildarstjórn.

Persónuleg ráðgjöf. Fram kemur að persónuleg ráðgjöf veldur námsráðgjöfum álagi í starfi, flestir nefna að erfitt sé að vísa málum áfram til frekari úrlausnar. Þessi mál eru hin „erfiðu persónulegu mál“; samskiptaerfiðleikar á heimilum, geðrænir sjúkdómar, félagslegur vandi s.s. fátækt, vímuefnaneysla, þunganir, fóstureyðingar, nauðganir, sífjaspell, ofbeldi og fleira. Í þessu sambandi er bent á að skipt getur sköpum fyrir nemanda að greiður aðgangur sé að sérfræðiaðstoð. Þetta á við þegar upp kemur t.d. að nemandi er í sjálfsvígshugleiðingum eða að honum stafar hættu af umhverfi sínu með einum eða öðrum hætti. Eins og málum er háttað í dag þarf að leita til ýmissa stofnana eða sjálfstætt starfandi sérfræðinga. Þjónusta þessara aðila er dreifð og kostar auk þess peninga sem nemandinn eða aðstandendur hans hafa ekki alltaf handbæra.

Nefndin telur mikilvægt að námsráðgjöfum sé tryggður greiður aðgangur að sérfræðiaðstoð og leggur til að komið verði á **miðstöð sérfræðiþjónustu** þar sem

sérfræðingar á ýmsum sviðum starfa saman undir einu þaki sem þverfaglegt teymi við úrlausn mála. Sjá nánari útfærslu í 3. kafla, bls. 18.

Náms- og starfsfræðsla. Af lestri ársskýrslanna má ráða að starfsfræðslu virðist ekki sinnt á markvissan hátt og jafnvel að þessi þáttur hafi á einhvern hátt orðið útundan í skólastarfi. Í þessu sambandi vill nefndin vekja athygli á könnun sem Guðbjörg Vilhjálmsdóttir kennslustjóri í námsráðgjöf við HÍ gerði á árinu 1995 en þar kemur fram að tæplega helmingur nemenda í 10. bekk fékk litla eða enga náms- og starfsfræðslu. Í framhaldi af þessari könnun vinnur Guðbjörg nú að rannsókn á því hver staða nemenda er sem nánast enga náms- og starfsfræðslu fá í samanburði við þá sem fá 30 tíma eða meira í náms- og starfsfræðslu. Úrtakið í rannsókninni er rúmlega 300 nemendur í 10. bekk í 16 grunnskólum. Í stuttu máli þá sýna fyrstu niðurstöður rannsóknarinnar að nemendur sem fá náms- og starfsfræðslu standa mun betur að vígi í mjög mörgum þáttum af þeim sem mældir voru.

Náms- og starfsfræðsla og ráðgjöf við einstaklinga varðandi náms- og starfsval er mikilvægur liður í starfi í efstu bekkjum grunnskóla og þetta ferli þarf að halda áfram þegar nemendur eru komnir í framhaldsskóla. Val námsleiðar við lok grunnskóla er fyrsta skrefið sem unglingur stígur á þeirri leið að velja sér nám með hliðsjón af hugsanlegu framtíðarstarfi. Hætt er við að einstaklingur sem velur sér námsleið að lítt athuguðu máli verði óánægður í námi sínu „lendi“ hann á námsbraut sem ekki hæfir áhugasviði hans eða námsgetu.

Nefndin leggur til að náms- og starfsfræðsla fái aukið vægi í efstu bekkjum grunnskóla og í framhaldsskólum og komið verði á skyldu0áföngum og val-áföngum í náms- og starfsfræðslu. Jafnframt er bent á nauðsyn þess að nemendur á lokaári í framhaldsskóla fái kennslu og leiðsögn um náms- og starfsval.

Starfskynningar. Bein tenging við atvinnulífið með starfskynningum þarf að vera fastur liður í náms- og starfsfræðslu í grunnskólum og framhaldsskólum. Æskilegt er að nemendur í grunnskóla fái starfskynningar í 8., 9. og 10. bekk og mætti hugsa sér að valmöguleikar aukist með aldrinum og einnig að dvölin á vinnustað yrði lengri síðasta veturinn í grunnskóla.

Starfsfræðslufulltrúar. Starfskynningar verði á verksviði starfsfræðslufulltrúa og skipulagðar í samstarfi skóla og atvinnulífs. Þessir fulltrúar gætu verið starfsmenn atvinnulífs eða sveitarfélaga sem auk þess að annast starfskynningar utan skóla veittu einnig fræðslu inni í grunn- og framhaldsskólum. Nefndin leggur til að boðið verði upp á stutt nám í ráðgjöf á vegum Háskóla Íslands í tengslum við fagfélög. Grunnám starfsfræðslufulltrúa gæti verið iðnnám eða annað starfsréttindánám.

Endurmenntun / símenntun. Flestir náms- og starfsráðgjafar sækja haustnámskeið Endurmenntunar HÍ og Félags náms- og starfsráðgjafa og margir nefna að möguleikar til símenntunar þyrftu að vera fleiri. Það er einkum fjárskortur sem hindrar að námsráðgjafar sækji námskeiðin.

Handleiðsla er mikilvægur þáttur í starfi ráðgjafa. Hún eflir faglega vitund, auðveldar starfsmat, kemur í veg fyrir ofþreytu svo eitthvað sé nefnt. Handleiðsla hefur tíðkast meðal félagsráðgjafa en er lítt þekkt meðal námsráðgjafa hérlendis. Í ársskýrslunum koma fram óskir um aðgang að handleiðslu. Nefndin leggur til að starfandi námsráðgjöfum verði tryggð handleiðsla.

2. kafli. Hlutverk og verksvið náms- og starfsráðgjafa

Inngangsorð

Hlutverk námsráðgjafa er að standa vörð um velferð nemenda á sem breiðustum vettvangi. Námsráðgjöfum er ætlað að starfa í þágu nemenda, leita lausna í málum þeirra og gæta þess að nemendur búi við jafnrétti og að réttlætis sé gætt gagnvart þeim innan skólans.

Námsráðgjafar eru bundnir þagnarskyldu varðandi þær upplýsingar sem þeim er trúað fyrir í starfi sínu, jafnt um aðstæður og hverjir skjólstæðingar þeirra eru. Á þagnarskyldunni grundvallast traust nemenda sem leita til námsráðgjafa með vandamál af persónulegum og námslegum toga. Þagnarskyldan er forsenda þess trúnaðar sem nauðsynlegur er í viðkvæmum málum nemenda. Námsráðgjafi getur aðeins rætt trúnaðarmál við aðra hafi nemandi samþykkt að aflétta trúnaði eða ef námsráðgjafinn metur það svo að líf og heilsa nemandans sé í húfi.

Námsráðgjafar búa ekki allir við formlega starfslýsingu, en starfslýsingar eru oft samdar innan hvers skóla. Áherslur eru breytilegar en byggja þó að grunni til á því sameiginlega markmiði að stuðla að velferð nemenda og með hagsmuni þeirra að leiðarljósi.

Verksvið náms- og starfsráðgjafa nær til fleiri þátta en beinnar ráðgjafa, (sjá nánar í starfslýsingu bls. 7-9). Sjálfum ráðgjafarþættinum má skipta í tvær megingreinar:

- Ráðgjöf meðan á námi stendur.
- Ráðgjöf við náms- og starfsval.

1. Tillaga að almennri starfslýsingu fyrir náms- og starfsráðgjafa

Nefndin hefur tekið saman starfslýsingu fyrir námsráðgjafa sem ætlað er spanna þau verkefni sem náms- og starfsráðgjafar sinna og æskilegt er að styðjast við í gerð starfslýsingar við hvern skóla. Starfslýsingu þarf að aðlaga faglegum forsendum námsráðgjafans, því skólastigi sem um ræðir og þeim almennu ytri og innri skilyrðum sem skólinn býr við.

1.1 *Ráðgjöf í námi*

1.1.1 *Móttaka nýnema / nýnemakynning*

Kynning á námslegum og félagslegum þáttum skólaumhverfis. Framkvæmd í samstarfi við kennara og eldri nemendur / nemendafélög. Kynning á skólastarfinu, námsfyrirkomulagi, reglum, nemendapjónustu og félagslífi.

1.1.2 *Samstarf heimilis og skóla*

Kynning fyrir aðstandendur nemenda til að efla samstarf heimilis og skóla. Framkvæmd í samstarfi við kennara, aðra starfsmenn skólans, eldri nemendur / nemendafélög og foreldrafélög. Stuðningsviðtöl og leiðsögn við foreldra.

1.1.3 Ráðgjöf um vinnubrögð og námsaðferðir

- a) Leiðsögn og fræðsla um skipulagningu tíma og áætlanagerð.
- b) Leiðsögn og fræðsla um námsaðferðir og lestraraðferðir.
- c) Leiðsögn og fræðsla um prófaundirbúning.
- d) Leiðsögn og fræðsla um lífsstíl og venjur sem stuðlað geta að aukinni einbeitingu, úthaldi og auknu tilfinningalegu jafnvægi.

1.1.4 Persónuleg ráðgjöf og stuðningur

- a) Stuðningur og ráðgjöf vegna tímabundinna erfiðleika og / eða áfalla í námi eða utan þess.
- b) Stuðningur og ráðgjöf vegna erfiðleika í einkalífi.
- c) Leiðsögn og ráðgjöf um streitu- og kvíðastjórnun.
- d) Tilvísun og samstarf við sérfræðinga í sértækum málum.
- e) Stuðningsviðtöl við kennara vegna einstakra nemendamála.

1.1.5 Ráðgjöf, hagsmunagæsla og upplýsingamiðlun vegna sérhæfðra réttindamála

- a) Stuðningur við nemendur með sérþarfir.
- b) Mat og greining á úrræðum vegna náms og prófa fyrir nemendur með sérþarfir.
- c) Samstarf við skólayfirvöld, sérfræðinga og þjónustuaðila í málefnum nemenda með sérþarfir.

1.1.6 Umsjón með stuðningi samnemenda; jafningastarf / nemendaráðgjöf

Jafningastarf er innbyrðis stuðningur nemenda og miðar að því að styðja og styrkja nemendur á daglegum vettvangi. Í nemendaráðgjöf eru eldri nemendur virkjaðir til að veita yngri nemum / nýnemum stuðning og leiðsögn.

1.2 Ráðgjöf við náms- og starfsval

1.2.1 Áhugagreining

Könnun og greining á áhugasviði einstaklinga; fer ýmist fram með viðtölum eða með notkun mælitækja og kannanna.

1.2.2 Mat og greining á námshæfni

Greining styrkleika og veikleika einstaklinga með tilliti til náms og starfa; fer aðallega fram með viðtölum við ráðþega. Enn sem komið er tíðkast í litlum mæli hér á landi að styðjast við hæfniskannanir / próf sem mæla þekkingu innan tiltekinna sviða / námsgreina í ráðgjöf um náms- og starfsval.

1.2.3 Miðlun upplýsinga um möguleika og framboð á námi og störfum

- a) Gagnasmíð, gagna- og upplýsingasöfnun og viðhald gagnabanka um nám og störf.

- b) Miðlun og leiðsögn við notkun upplýsinga úr gagnabanka.
- c) Samstarf við náms- og starfsráðgjafa á öðrum skólastigum og við aðrar stofnanir.
- d) Námskynningar; skipulagning námskynninga innan skólans og undirbúningur og uppfraeðsla nemenda fyrir stærri sameiginlegar námskynningar menntakerfisins.
- e) Starfskynningar; skipulagning starfskynninga í samstarfi við fulltrúa atvinnulífs og starfsfræðslufulltrúa.
- f) Starfsfræðsla; umsjón með framkvæmd starfsfræðslu í samstarfi við kennara, starfsfræðslufulltrúa og fulltrúa atvinnulífs.

1.3 *Þróunarverkefni*

1.3.1 *Skýrslugerð*

- a) Skráning viðtala og viðfangsefna.
- b) Úrvinnsla tölulegra upplýsinga um viðtöl og viðfangsefni.
- c) Mat og áætlanagerð.

1.3.2 *Viðhald fagþekkingar*

- a) Þróun nýrra starfsaðferða.
- b) Endurmenntun / símenntun.
- c) Samstarf við aðra ráðgjafa og faghópa.
- d) Handleiðsla / sjálfsskoðun.

1.3.3 *Kannanir og rannsóknir*

- a) Mat á starfsaðferðum.
- b) Kannanir og eftirfylgni verkefna og viðfangsefna.
- c) Kannanir á aðstæðum og viðhorfum nemenda.

1.3.4 *Fræðsla og miðlun þekkingar*

Námsráðgjöfum skal veitt svigrúm til að sinna:

- a) Fyrirlesturum.
- b) Greinaskrifum.
- c) Viðtölum við fjölmiðla.
- d) Fundum.
- e) Nefndastörfum.
- f) Samningu fræðsluefnis í greininni.

3.kafli. Efling náms- og starfsráðgjafar

Greinargerð og útfærsla á helstu tillögum

Inngangsorð

Náms- og starfsráðgjöf er í eðli sínu **fyrirbyggjandi** starf sem felst í að liðsinna einstaklingum við að finna hæfileikum sínum og kröftum farveg við hæfi og leita lausna ef vandi steðjar að. Ráðgjafinn er í senn upplýsandi og leiðbeinandi um ytri þætti svo sem nám og störf, réttindi og skyldur, lífsstíl og vinnubrögð sem og innri þætti sem lúta að einstaklingnum sjálfum, þörfum hans, áhuga og væntingum, styrkleika og takmörkunum.

Þar sem náms- og starfsráðgjöf er öflug, gefst tækifæri til að vinna markvisst fyrirbyggjandi starf. Þar sem ráðgjafi býr við þröngan kost eru viðfangsefni hans meira í þá átt að lagfæra það sem miður hefur farið.

Brottfall úr framhaldsskóla er umtalsvert hér á landi. Nefndin telur að með eflingu náms- og starfsráðgjafar megi með markvissum hætti vinna gegn þeirri staðreynd að stór hópur nemenda hverfur frá námi án þess að ná lokatakmarki.

Talið er að um 90% nemenda úr íslenskum grunnskólum hefji nám í framhaldsskóla og fer sú tala hækkandi. Samanborið við önnur Evrópulönd telst hlutfall íslenskra framhaldsskólanema sem ekki lýkur neinu skilgreindu framhaldsnámi hátt eða u.þ.b. 45%. Einnig er aldurssamsetning nemenda hér á landi önnur, en hátt hlutfall þeirra nýtir sér sveigjanleika skólakerfisins, tekur sér frí og kemur aftur til náms. Þetta, ásamt lengd stúdentsbrauta, gerir aldur nemenda í framhaldsnámi hærri á Íslandi en víðast annars staðar.

Ljóst er að mjög margir ljúka ekki skilgreindu námi og erfitt er að henda reiður á ástæður þess. Bent hefur verið á nauðsyn þess að efla náms- og starfsráðgjöf. Þá hefur einnig verið bent á að ekki fái allir nemendur nám við hæfi og því nauðsyn að fjölga námsleiðum, s.s. fleiri stuttum starfsnámsbrautum. Í því sambandi er rétt að hafa í huga að ólíkt ungmennum á hinum Norðurlöndunum fá íslensk ungmenni sem hætta í framhaldsskóla í flestum tilfellum vinnu. Þá hefur það lengi einkennt íslenskt atvinnulíf að það gerir litlar kröfur um skólagöngu starfsmanna nema þar sem þess er beinlínis krafist í lögum eða kjarasamningum.

Nefndin telur mikilvægt að unnið sé að því að greina eðli brottfalls og leggur til að komið verði á samræmdri nemendaskráningu í skólum landsins. Þar sé þess gætt að nemandi hætti ekki í skóla án formlegrar tilkynningar og greini frá ástæðum; hvort hann hyggist skipta um skóla / taka sér frí / leita sér vinnu o.s.frv. Nemandi ræði við náms- og starfsráðgjafa áður en hann skráir sig úr skóla.

Rökstuðningur og frekari útfærsla á helstu tillögum nefndarinnar

1. *Miðstöð sérfræðiþjónustu*

Nefndin leggur til að stofnuð verði miðstöð sérfræðiþjónustu. Miðstöðinni verði ætlað að þjónusta ráðgjafa og skjólstæðinga þeirra á grunns-, framhalds- og háskólastigi.

Þessi tillaga er sett fram þar sem mjög skortir á að unnt sé að veita heildstæða þjónustu við nemendur þessara skólastiga eins og áður er fram komið.

Meginmarkmið miðstöðvarinnar verði:

- að veita námsráðgjöfum og skjólstæðingum þeirra ráðgjöf í persónulegum og félagslegum vandamálum
- að veita þjónustu við námsráðgjafa um allt land
- að efla samstarf milli náms- og starfsráðgjafa á öllum skólastigum

Til að ná þessum markmiðum verði ráðnir til starfa í miðstöðinni námsráðgjafar, sálfræðingar, félagsráðgjafar, sérkennarar og kennsluráðgjafar. Þessir aðilar vinni saman í þverfaglegu teymi. Einn af starfsmönnum miðstöðvarinnar verði jafnframt starfsmaður menntamálaráðuneytis og þar með tengiliður miðstöðvarinnar og ráðuneytis. Lagt er til að námsráðgjafi veiti miðstöðinni forstöðu. Helstu verkefni miðstöðvarinnar verði: ráðgjöf og meðferð, handleiðsla, fræðsla og upplýsingamiðlun.

Ráðgjöf og meðferð:

- Taka við erindum frá starfandi námsráðgjöfum, finna farveg fyrir mál og afla upplýsinga sem hjálpað geta námsráðgjöfum við vinnslu mála. Þessi þjónusta taki sérstaklega mið af nemendum með lestrarerfiðleika, tvítyngdum nemendum, nemendum með geðræn vandamál og vímuefnaneytendum.
- Taka við tilvísunum frá námsráðgjöfum vegna bráðatilfella. Sérfræðingar miðstöðvarinnar vinni að málinu í samstarfi við námsráðgjafa.
- Taka við kvörtunum sem menntamálaráðuneyti berast frá nemendum og aðstandendum þeirra varðandi afgreiðslu á réttindamálum nemenda.

Handleiðsla:

- Að veita námsráðgjöfum faglegan stuðning í gegnum handleiðslu.
- Að styðja við náms- og starfsráðgjafa sem vinna að rannsóknum, þróunar- og nýbreytnistarfi.

Fræðsla:

- Að skipuleggja endur- og símenntun fyrir starfandi náms- og starfsráðgjafa í samstarfi við Félag náms- og starfsráðgjafa, Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands, nám í námsráðgjöf við Háskóla Íslands, Kennaraháskóla Íslands, Skólaskrifstofur og þjónustumiðstöð fyrir námsráðgjafa.
- Að safna upplýsingum um námskeið, ráðstefnur og framhaldsnám hér á landi og erlendis fyrir náms- og starfsráðgjafa.
- Að safna saman og miðla hugmyndum um vinnulag náms- og starfsráðgjafa.

Upplýsingasöfnun, úrvinnsla og miðlun:

- Að safna saman og dreifa upplýsingum og kynningarefni til námsráðgjafa um námstilboð á öllum skólastigum.
- Að miðla upplýsingum um námsmöguleika, símenntun, endurmenntun, starfsþjálfun og vinnumarkað. Þessar upplýsingar geta náms- og starfsráðgjafar síðan notað í vinnu með skjólstaðingum sínum.
- Að tengja saman skóla og atvinnulíf með virku samstarfi og tengingu skólakerfis, fullorðinsfræðslu, vinnumiðlana og atvinnulífs.
- Að taka við upplýsingum frá grunn- og framhaldsskólum vegna nemenda sem detta út úr námi við lok grunnskóla.

Samstarfsaðilar. Eins og fram hefur komið þá er gert ráð fyrir að **miðstöð sérfræðiþjónustu** vinni í samstarfi við ýmsa aðila varðandi endur- og símenntun fyrir náms- og starfsráðgjafa. Lögð er áhersla á samstarf við svæðisvinnumiðlanir Vinnuálastofnunar sem starfræktar eru í öllum landshlutum en þær hafa m.a. það hlutverk að aðstoða fólk við atvinnuleit, safna saman og miðla upplýsingum um atvinnuleysi og atvinnutækifæri og veita upplýsingar og ráðgjöf um starfsval og starfsmenntun. Ganga verður út frá samstarfi við félagsmálastofnanir sveitarfélaga, m.a. vegna nemenda sem eiga rétt á fjárhagsaðstoð frá sveitarfélagi eða annarra mála sem tengjast félagsmálayfirvöldum. Þá er og minnt á það mikilsverða starf sem unnið er á vegum Hins hússins í þágu ungmenna í tengslum við Félag framhaldsskólanemenda og Jafningafræðsluna og hvatt til samstarfs við þessa aðila. Óhjákvæmilegt er annað en að gera ráð fyrir samstarfi við ýmsar stofnanir innan heilbrigðis- og skólakerfisins, má þar nefna Lestrarmiðstöð KHÍ, göngudeildir geðdeilda og neyðarmóttöku vegna nauðgana á Sjúkrahúsi Reykjavíkur.

2. *Starfslýsing fyrir náms- og starfsráðgjafa*

Námsráðgjafar hafa ekki allir formlega starfslýsingu til að styðjast við í starfi sínu. Oft eru starfslýsingar samdar innan hvers skóla. Mikilvægt er að skólarnir hafi skýra skilgreiningu á starfi námsráðgjafa, bæði fyrir starfsfólk og nemendur. Starfslýsing hjálpar námsráðgjöfum til að afmarka starf sitt og auka skilning á hlutverki þeirra innan skólans.

3. *Lenging á námi náms- og starfsráðgjafa*

Lagt er til að nám í náms- og starfsráðgjöf í Háskóla Íslands verði lengt úr einu ári í tvö ár og að því ljúki með meistaraprófi.

Væntingar til verkefna og starfssviðs námsráðgjafa hafa aukist samfara auknum skilningi á þörf fyrir náms- og starfsráðgjöf. Jafnframt hafa kröfur til faglegrar kunnáttu og hæfni námsráðgjafans vaxið. Í ársskýrslum námsráðgjafa kemur fram að þau margþættu verkefni sem þeir takast á við innan skólanna krefjast aukins faglegs og fræðilegs undirbúnings. Væntingar nemenda og samstarfsmanna eru undantekningalítið þær að námsráðgjafar hafi forsendur til að leysa verkefni á breiðu sviði.

Námi í námsráðgjöf innan félagsvísindadeildar var ekki ætlað meira umfang en raun ber vitni á mótunarárum námsráðgjafar hér á landi. Það

nær ekki að spanna og dýpka öll þau fjölþættu svið sem grunnþekking námsráðgjafans þyrfti að byggja á.

Núverandi skipan náms í námsráðgjöf innan félagsvísindadeildar H.Í. er eins árs viðbótarnám eftir B.Ed. eða B.A. próf í tilteknum greinum. Námsleiðin var stofnsett árið 1990, en einstök námskeið í námsráðgjöf höfðu verið kennd innan uppeldisfræði í Félagsvísindadeild allt frá árinu 1983. Námið er nú skipulagt sem 34 eininga nám sem skiptist á 10 mismunandi námskeið og unnt er að taka á einu ári eða sem hlutanám á tveimur árum.

Námið byggir á fjórum meginþáttum námsráðgjafarstarfsins, þ.e. persónulegri ráðgjöf, náms- og starfsráðgjöf, náms- og starfsfræðslu og könnunum og þróunarstarfi. Núverandi námskipan veitir grunn að fagþekkingu í námsráðgjöf. Ráðgjöf um nám og starf byggir á haldgóðri þekkingu ráðgjafans á skólakerfi og vinnumarkaði á hverjum tíma. Þróun og breytingar á þessum vettvangi kalla á stöðuga endurnýjun upplýsinga og þekkingar, þ.e. virka endur- og símenntun.

Efling fagþekkingar styrkir námsráðgjafann gagnvart stjórnendum skóla við afmörkun starfssviðs sem og í greiningarvinnu námsráðgjafans vegna skjólstaðinga og afmörkun starfssviðs í kjölfar hennar.

Með vaxandi kröfum til faglegrar kunnáttu náms- og starfsráðgjafa er ljóst að lengja þarf námið við Háskóla Íslands úr einu ári í tvö. Bæði í Bandaríkjunum og Kanada er um tveggja ára nám að ræða, enda grunnþættir námsins það margir að þeir rúmast ekki innan eins árs náms. Breyting þessi gæti tekið mið af uppbyggingu rannsóknarnáms til meistaraþrófs. Ljóst er að dýpka þarf tiltekna þætti í núverandi námi og fjölga jafnframt námskeiðum og viðfangsefnum. Hér verður getið um helstu þætti sem huga þarf að við lengingu námsins:

- Eðli viðfangsefna náms- og starfsráðgjafa krefst staðgóðrar kunnáttu á sviði sálarfræði og persónulegrar ráðgjafar. Því þarf að auka vægi náms vegna persónulegrar ráðgjafar og greiningar, t.d. með tilliti til fjölskylduráðgjafar, áfallahjálpar, ráðgjafar vegna kvíðastjórnunar og ýmissa fyrirbyggjandi þátta sem aukin greiningarhæfni leiðir til.
- Fastur og vaxandi þáttur í ráðgjafarstarfinu er notkun mælitækja í áhugagreiningu við náms- og starfsval. Þjálfun í notkun mælitækja svo sem áhugasviðskannana þarf því að vera hluti af náminu þannig að þeir sem útskrifast í greininni geti notað þau í starfi. Þar ber hæst þjálfun í notkun Strong áhugakönnunarinnar sem til þessa hefur ekki rúmast innan námsins.
- Aukið alþjóðasamstarf í menntamálum, aukin upplýsingamiðlun um stöðu og þróun vinnumarkaðar og kröfur og þarfir fyrirtækja kalla á aukna hæfni námsráðgjafa til að veita ráðgjöf með aðstoð upplýsinga- og tölvutækni. Þessari þörf verður að svara með námskeiði í upplýsingatækni og tölvunotkun og með auknu námsefni í hagnýtum fræðum atvinnulífsins.
- Nám í námsráðgjöf þarf jafnframt að búa nemendur fræðilega undir að framkvæma kannanir og að leggja mat á þá þjónustu sem þeir veita. Mikilvæg forsenda fyrir eflingu faglegrar ráðgjafar og aukinnar þekkingar á þessu sviði er að námsráðgjafi geti lagt mat á aðferðir þær sem viðhafðar eru, með tilliti til þróunar þjónustu og aðlögunar að aðstæðum á hverjum stað og tíma. Námskeið í

aðferðum rannsókna og kannana gerir námsráðgjafa betur í stakk búinn en ella til að stuðla að eflingu og þróun á starfsvettvangi sínum.

- Aukin starfsþjálfun. Í samanburði við nám í náms- og starfsráðgjöf við erlenda háskóla er starfsþjálfun hérlendis í algeru lágmarki, eða 200 klst. alls, þar af 100 stundir við Námsráðgjöf Háskóla Íslands. Nemendur sem ljúka námi í námsráðgjöf standa því höllum fæti hvað varðar hinn hagnýta þátt þegar þeir hefja störf. Þetta er samdóma álit þeirra sem að náminu standa sem og nemenda og leiðbeinenda sem sinna starfsþjálfun. Hinn hagnýta þátt starfsþjálfunar þarf að auka til muna en einnig ætti að stefna að breyttu fyrirkomulagi. Starfsþjálfun sem tekin er í samfellu, t.d. um eins misseris skeið, skilar nemandanum heildstæðari mynd og reynslu af viðfangsefnunum og gerir hann færari um að starfa sjálfstætt að námi loknu.
- Tveggja ára námi í greininni ljúki með meistaraprófi.

4. Samstarf á sviði náms- og starfsráðgjafar

Lagt er til að menntamálaráðuneytið hafi frumkvæði í því að koma á markvissu samstarfi náms- og starfsráðgjafa á öllum skólastigum og annarra aðila sem starfa á þessum vettvangi s.s. Vinnuámalastofnunar félagsmálaráðuneytis / svæðisvinnumiðlana.

Námsráðgjafar eru oftast einir að störfum innan hvers skóla og hafa of sjaldan tækifæri til formlegs samstarfs. Formlegur samstarfsvettvangur er líklegur til að efla ráðgjafana í starfi og stuðla að framþróun í námsráðgjöf.

5. Fjölgun stöðugilda í náms- og starfsráðgjöf í skólum

Lagt er til að umfang námsráðgjafar verði aukið og að eitt stöðugildi verði á hverja 300 nemendur í grunn- og framhaldsskólum.

Á síðari árum hefur skilningur á mikilvægi náms- og starfsráðgjafar aukist til muna, bæði af hálfu stjórnvalda og þeirra sem eftir þjónustunni leita. Í frumvarpi til laga um grunnskóla frá 1974 og í reglugerð um menntaskóla nr. 270/1974 voru ákvæði um fjölda námsráðgjafa í skólum. Þar var kveðið á um að ráðgjafi skuli vera fyrir hverja 500 nemendur í 7.-9. bekk grunnskóla og að ráðgjafi í fullu starfi sinni 750 nemendum í framhaldsskólum.

Í nefndaráliti um námsráðgjöf og starfsfræðslu frá 1991 var lagt til „að stefnt yrði að því að umfang námsráðgjafar í skólum verði fyrst um sinn eitt stöðugildi á hverja 500 nemendur í grunnskólum, eitt á hverja 300 nemendur í framhaldsskólum og eitt á hverja 500 nemendur í háskólum.“ Þessu markmiði skyldi náð á næstu 10 árum í framhalds- og háskólum en á næstu 15 árum í grunnskólum.

Því fer fjarri á öllum skólastigum að skilyrði þessi séu uppfyllt. Vegna óhófslegs fjölda nemenda á hvern ráðgjafa geta námsráðgjafar einungis sinnt litlum hluta þess starfs og verkefna sem þeim er ætlað að sinna samkvæmt verklýsingu. Af þessu leiðir að aðeins hluti nemenda með alvarlegri vandkvæði getur vænst þess að njóta þjónustu.

Efling fagþekkingar og skilgreining verkþátta námsráðgjafa nær skammt ef námsráðgjöfum eru ekki búin starfsskilyrði sem gera þeim kleift að rækja hlutverk sitt og starfa á þeim faglegu forsendum sem nám þeirra og menntun gera ráð fyrir.

Fjölgun stöðugilda í náms- og starfsráðgjöf og hlutfallsleg fækkun nemenda á hvern námsráðgjafa er forsenda þess að að veita megi faglega náms- og starfsráðgjöf hér á landi. Ofangreind tillaga um fjölda nemenda á hvern námsráðgjafa þarf að koma til framkvæmda með svo skjótum hætti sem unnt er ef efla á náms- og starfsráðgjöf í skólum.

6. *Handleiðsla*

Lagt er til að starfandi námsráðgjöfum verði tryggð handleiðsla. Þeir sem sinna störfum sem byggja á nánnum mannlegum samskiptum þar sem viðkvæm persónuleg mál eru meginviðfangsefnið þurfa á markvissri handleiðslu að halda ef ekki á að koma til ótímabærrar ofþreytu og starfsbruna. Handleiðsla nýtist við starfsmat námsráðgjafa, sem oft og tíðum sinnir starfi sínu án samstarfs við aðra námsráðgjafa, og stuðlar einnig að aukinni fagvitund. Miklu skiptir að ráðgjafi sé, bæði í námi og starfi, undir það búinn og fái tækifæri til að skoða sjálfan sig, gildismat sitt og tilfinningar með því að njóta handleiðslu.

Efla þarf handleiðslu meðan á námstíma stendur, kynna rannsóknir og gildi hennar og gera námsráðgjafa hæfa til að annast handleiðslu innan faghópsins. Ef þessum þætti er ekki sinnt kemur það niður á árangri námsráðgjafans í starfi og dregur úr hæfni hans við að leiðbeina ráðþegum sínum á sambærilegum sviðum.

7. *Ársskýrslur*

Lagt er til að menntamálaráðuneytið beiti sér fyrir því að komið verði á samræmdu skráningakerfi náms- og starfsráðgjafa þannig að tölulegar upplýsingar á hverjum tíma gefi skýrari heildarmynd af viðfangsefnum námsráðgjafa og þörfum nemenda á hverju skólastigi. Form ársskýrslna námsráðgjafa verði samræmt til að auðvelda skýrari markmiðasetningu, fyrirbyggjandi aðgerðir, mat á brýnum þróunarverkefnum, úrvinnslu o.fl. Vísast í þessu sambandi til þess sem segir í fyrsta kafla þessa nefndarálits um framsetningu og inntak ársskýrslna, sjá bls. 9.

8. *Brottfall í framhaldsskólum. Lagt er til að:*

Könnuð verði viðhorf nemenda í 10. bekk grunnskóla til náms og vinnu. Þetta er mikilvægt til þess að skilja reynsluheim þessa aldurs hóps og grundvöllur að raunhæfum tillögum til úrbóta. Ef niðurstaða verður sú að nemendur eigi erfitt með að tjá sig um þetta eru það einnig mikilvægar upplýsingar sem nýta má til þess að hefja umræður um nám og vinnu á markvissan hátt fyrr. Þetta miðar að því að styrkja nemendur til þátttöku og kenna þeim að mynda sér skoðanir.

Stuðlað verði að fjölbreyttara námsframboði í 8.-10. bekk og nemendum gefinn kostur á að ljúka grunnskóla með fjölbreyttari hætti en nú er. Hvatt er til betri nýtingar á valgreinum í grunnskólum, sérstaklega í list- og verkmenntagreinum og lagt til að fjölgað verði útgönguleiðum við útskrift úr grunnskóla, nemendur eigi kost á að útskrifast án þess að gangast undir samræmd próf. Með því að gefa t.d. kost á misþungum lokaprófum eða möguleikum á því að nemendur fái að velja hvaða

greinum þeir taka samræmd próf í má vinna að því að fleiri nemendur ljúki grunnskólanámi án þess að „falla“.

Stuðlað verði að fjölbreyttara námsframboði þegar á fyrsta ári framhaldsskóla, sérstaklega hvað varðar aðgengi í starfsnám og nám á listabrautum. Auka þarf námsframboð á framhaldsskólastigi og beina nemendum inn á fjölbreyttara námsval en stúdentsbrautir sem svo margir nemendur velja nú. Framhaldsskólar og grunnskólar þurfa að vera í takt hvað þetta varðar. Fleiri námsleiðir í grunnskóla kalla t.d. á að framhaldsskólinn sé tilbúinn með ákveðnar námsbrautir sem gætu tekið við nemendum sem ekki eru nægilega vel undir það búnir eða ráða ekki við nám til stúdentsprófs. Vinna þarf að því að nám á styttri starfsnámsbrautum hljóti viðurkenningu á vinnumarkaði og í skólakerfinu.

Tekin verði upp markviss kennsla í námstækni og vinnulagi einstakra námsgreina og kennurum gefinn kostur á námskeiðum um námstækni. Nefndin lítur svo að þetta sé mikilvægur liður í námsuppeldi og leggur til að slík kennsla hefjist ekki seinna en í 8. bekk grunnskóla. Tryggt verði að nemendur fái leiðsögn í markvissum vinnubrögðum einstakra greina frá upphafi framhaldsskólagöngu.

Námstæknikennsla sem er tengd kennslu í einstökum námsgreinum er árangursríkari fyrir nemendur heldur en almenn námstækninámskeið. Kennarar þurfa því að fá tækifæri til að auka þekkingu sína á þessu sviði þannig að þeir geti lagt ríka áherslu á að kenna nemendum árangursrík vinnubrögð við námsvinnuna.

Þjónusta við nemendur með sérþarfir verði eflað. Hér er átt við nemendur með sértæka námserfiðleika eins og t.d. lestrarerfiðleika. Þessir nemendahópar þurfa oft breyttar aðstæður, aðrar kennsluaðferðir, aukna aðstoð og þjónustu til þess að ná lokatakmarki sínu. Huga þarf sérstaklega að aðstoð við nýbúa þar sem brottfall virðist vera nærri 100% í þeim hópi. Tómt mál er að tala um jafnrétti til náms ef þessum hópum er ekki gert kleift að stunda nám við viðunandi aðstæður. Hætt er við að margir flosni upp úr námi þegar aðstæður eru ófullnægjandi.

Nýnemum verði veitt öflug ráðgjöf og stuðningur og staða þeirra metin á þeim grundvelli strax á fyrstu önn framhaldsskóla. Nefndin leggur til að nýnemar fái stöðu sína metna, í orðum eða tölum, um miðjan október ár hvert. Reynist nemandi vera í fallhættu verði þegar brugðist við með stuðningi og ráðgjöf. Mikilvægt er að samræma innritun í áfanga-kerfisskólana fyrir vorönn til þess að tryggja þjónustu við nemendur.

Hvatt er til þess að skólar komi á fastmótuðu skipulagi við móttöku nýnema. Það er mörgum erfitt að flytja sig milli skólastiga og öllum veitist vandasamt að hefja nám í nýjum skóla. Tryggja þarf að nýnemar hittu kennara sína strax á fyrsta skóladegi, farið sé yfir stundatöflur með þeim, skólahúsnæðið skoðað o.fl. mætti nefna. Skólarnir ættu allir að hafa myndir af kennurum og öðru starfsliði á aðgengilegum stað, þannig að nýnemar átti sig fljótt á nöfnum og andlitum. Foreldrakvöld verði fastur liður í upphafi skólaárs þar sem foreldrum gefst tækifæri til að hitta umsjónarkennara, skólastjórnendur, námsráðgjafa og annað starflið og skoða húsnæði eftir því sem við verður komið og fá upplýsingar um skólastarfið.

Komið verði á eftirfylgni með nemendum. Þessari tillögu er ætlað að tryggja að nemandi hverfi ekki frá námi öðru vísi en að skrá til formlega úr skóla og tilgreina ástæður og hvað framundan er. Enginn nemandi hætti í skóla án sérstakrar ráðgjafar. Lagt er til að

framhaldsskólar gefi út sérstök eyðublöð sem nemandi útfyllir þegar hann hættir í skóla án þess að hafa náð lokatakmarki. Hér er tekið mið af aðgerðum danskra menntamálayfirvalda sem er liður í átaki þeirra til að draga úr brottfalli og virðist gefa góða raun. Mikilvægt er að upplýsingar liggi fyrir um hvað verður um þau ungmenni sem hætta námi svo hægt sé að ná til þeirra og styðja þau. Tryggja þarf einnig að nemandi hætti ekki í framhaldsskóla án þess að fá ráðgjöf svo og fjölskylda hans. Reynslan sýnir að fáir nemandi einstaklingsathygli á erfiðum tímamótum þá skiptir það miklu máli varðandi ákvaðanir hans. Hægt er að aðstoða hann við að finna nýjan farveg og koma honum í samband við t.d. Svæðisvinnumiðlun á viðkomandi svæði.

Brottfall verði gert að sérstöku umfjöllunarefni í öllum framhaldsskólum. Ráðuneytið feli skólunum þetta verkefni þegar næsta haust og geri þeim að skila niðurstöðum ekki síðar en á vorönn 1999. Nefndin lítur á þetta verkefni sem lið í sjálfsmati skóla og mikilvæga aðgerð í því skyni að greina ástæður, eðli og umfang brottfalls.

Samstarf foreldra og skóla verði endurskoðað m.t.t. hækkunar sjálfræðisaldurs í 18 ár. Skoða þarf hver er upplýsingaskylda skólayfirvalda í ljósi þessarar lagasetningar. Margt bendir til þess að skólaganga nemenda í framhaldsskólum verði farsælli ef skóli og heimili taka höndum saman um að styðja nemandann í námi. Staðan er sú núna að foreldrasamstarf innan framhaldsskóla er á byrjunarstigi og sums staðar mjög lítið. Í viðhorfskönnun sem nýlega var gerð í 24 framhaldsskólum kom fram að meirihluti foreldra og kennara er óánægður með stöðuna eins og hún er í dag.

9. Náms- og starfsfræðsla

Náms- og starfsfræðsla verði skyldunámsgrein í 8. – 10. bekk grunnskóla. Markmið hennar verði:

- kynning á skólakerfinu
- kynning á atvinnulífi
- kynning á ólíku vinnuumhverfi
- sjálfsþekking og ákvarðanataka.

Mikilvægur liður í sjálfsþekkingu er að takast á við ólík verkefni og betri nýting valgreina í 10. bekk er ákjósanleg leið til þess, sérstaklega á list- og verkmenntagreinum.

Framhaldsskólar bjóði fram skylduáfangi og valáfangi í náms- og starfsfræðslu.

Markmið kennslunnar verði:

- kynning á framhaldsnámi
- kynning á atvinnulífi
- kynning á ólíku vinnuumhverfi
- sjálfsþekking og ákvarðanataka.

Mikilvægur liður í sjálfsþekkingu er að takast á við ólík verkefni.

Nemendur á lokaári í framhaldsskóla fái kennslu og leiðsögn um náms- og starfsval. Allir nemendur á síðasta ári framhaldsskóla fái markvissan undirbúning fyrir það að velja sér nám eða starf að loknum framhaldsskóla.

Staðið verði fyrir námskynningum fyrir nemendur í efri bekkjum grunnskóla og nemendur framhaldsskóla á eins til tveggja ára fresti. Námsframboð framhaldsskóla og menntakerfisins í heild verði kynnt nemendum og foreldrum/ forráðamönnum. Kynningar á ólíkum námsleiðum og skólum eru nauðsynlegur þáttur í rökstuddri ákvarðanatöku um val á framhaldsskóla. Þess vegna leggur nefndin til að slíkar kynningar fari fram á vegum skólanna í upphafi skólaárs í 10. bekk bæði fyrir nemendur og foreldra þeirra.

10. *Starfskynningar, starfsfræðslufulltrúar.*

Lagt er til að:

- *komið verði á skipulögðum starfskynningum í grunnskólum og framhaldsskólum í samstarfi skóla og atvinnulífs og/eða sveitarfélaga.*
- *staðið verði fyrir stuttu hagnýtu námi fyrir starfsfræðslufulltrúa í atvinnulífinu sem kynna nemendum í grunn- og framhaldsskóla störf og viðfangsefni starfsgreinar sinnar og vettvangs.* Námið verði skipulagt í samstarfi og samráði við nám í námsráðgjöf við Háskóla Íslands og starfsgreinafélög í atvinnulífinu.

Nefndin telur nauðsynlegt að efla starfskynningu og starfsráðgjöf í grunn- og framhaldsskólum í nánú samstarfi skóla og atvinnulífs. Náms- og starfsval er þroskaferli sem byrjar snemma á ævinni. Hugmyndir sínar um nám og störf byggja börn og unglingar á upplýsingum úr sínu nánasta umhverfi, en einnig úr fjölmiðlum og þeirri kennslu og kynningu sem þeir fá í skólum. Mikilvægur liður til að efla þróun starfsferils er að nemendur fái beina kynningu á störfum á vinnumarkaðnum.

Nám fyrir starfsfræðslufulltrúa er mikilvægt til að styrkja fulltrúa úr atvinnulífinu til að skipuleggja og annast þessar beinu kynningar og kynningar innan skólanna.

11. *Ráðgjöf við almenning*

Nefndin leggur til að náms- og starfsráðgjöf opin öllum almenningi verði komið á fót. Slík ráðgjöf myndi þjóna bæði ungu fólki á krossgötum í námi og fólki á öllum aldri sem skiptir um starf eða hefur áhuga á framhalds- og endurmenntun. Í nútímaþjóðfélagi eru örar breytingar á vinnumarkaði og í atvinnulífinu. Einn fylgifyrirkomur þessara breytinga eru auknar kröfur um símenntun, endurmenntun og aðlögun einstaklinga að tæknibreytingum. Fram til þessa hefur Námsráðgjöf Háskóla Íslands sinnt ráðgjöf við almenning, umfram það sem efni hafa staðið til, þar sem þörf og eftirspurn eftir þjónustinni hefur verið mikil og ekki í annað hús að venda.

Opin ráðgjöf af þessu tagi er starfrækt víða í Evrópu og Bandaríkjunum og er þá gjarnan rekin í samstarfi ýmissa aðila eða af einkaaðilum. Ráðgjöf opna almenningi mætti m.a. starfrækja í tengslum við Miðstöð

sérfræðipjónustu en einnig væri hægt að gera þjónustusamninga við aðra aðila sem áhuga hefðu á að starfrækja slíka ráðgjöf.

12. *Reglugerð fyrir grunnskóla*

Ýmis sveitarfélög hafa nú þegar ráðið námsráðgjafa til starfa við einstaka skóla eða skólaskrifstofur. Mikilvægt er að veita sveitarfélögum leiðsögn varðandi þessi störf með setningu reglugerðar. Benda má á að tillaga að starfslýsingu sem nefndin leggur fram getur verið liður í reglugerðinni.

Lokaorð

Sú stefna hefur verið mótuð af Alþingi og menntamálaráðuneyti að námsráðgjöf skuli verða liður í þjónustu skólanna við nemendur. Ótvíræður vilji hefur komið fram hjá stjórnvöldum um að efla þennan þátt og kemur það skýrt fram í nýrri skólastefnu menntamálaráðuneytisins „**Enn betri skóli**“.

Tillögur nefndarinnar miða allar að því að efla náms- og starfsráðgjöf innan skólakerfisins, bæta stuðningskerfi við nemendur innan skólanna, auka tengsl milli starfandi ráðgjafa, auka tengsl skóla og atvinnulífs og koma á ráðgjafarþjónustu fyrir almenning.

Gera má ráð fyrir að kostnaður við framkvæmd tillagnanna sé töluverður en einnig má gera ráð fyrir að efling náms- og starfsráðgjöf leiði til sparnaðar þegar til lengri tíma er litið, m.a. vegna markvissari skólagöngu ungs fólks.

Heildstæð þjónusta veitt af vel menntuðum ráðgjöfum er réttur hvers einstaklings. Mikilvægar upplýsingar um líðan og stöðu íslenskra ungmenna í framhaldsskólum komu fram í ársskýrslum námsráðgjafa auk upplýsinga um skort á þjónustu á landsbyggðinni og óhóflegt vinnuálag á hvern starfandi námsráðgjafa. Brottfall úr framhaldsskólum er mikið áhyggjuefni. Með því að bregðast við brottfallinu er tekin ábyrg afstaða með ungu fólki og nefndin vonar að tillögur þær sem hún setur fram setur skapi grunn að áframhaldandi uppbyggingu náms- og starfsráðgjafar.

Heimildir

Ársskýrsla Félagsmálastofnunar í Reykjavík 1996.

Ársskýrsla Rauðakrosshússins 1996.

Ársskýrsla SÁÁ 1996.

Ársskýrslur námsráðgjafa í framhaldsskólum á Íslandi skólaárið 1996-1997.

Counselling The Adolescent: individual, family and school interventions. 2nd ed. Denver, Co: Love 1993.

Eleverne og skolemiljøet. Undervisningsministeriet 1995.

Enn betri skóli. Ný skólustefna. Menntamálaráðuneytið 1998.

Hvorfor falder de fra í Århus? Undervisningsministeriet 1995.

Hvorfor faldt de fra? Undervisningsministeriet 1995.

Könnun á tíðni og orsökum sjálfsvíga á Íslandi og tillögur til úrbóta. Alþingi 1996.

Lög um framhaldsskóla nr. 80/1996.

Lög um grunnskóla nr. 66/1995.

Lög um vinnumarkaðsaðgerðir nr. 13/1997.

Námsferill í framhaldsskóla. Helstu niðurstöður. Félagssvísindastofnun 1992.

Námsráðgjöf og starfsfræðsla. Menntamálaráðuneytið 1991.

Nefnd um mótun menntastefnu. Skýrsla. Menntamálaráðuneytið 1994.

Ný menntamál. 1. tbl. 16. Árg. 1998.

Skolemiljö. Undervisningsministeriet 1995.

Uddannelse til alle. Undervisningsministerens redegørelse til Folketinget. 1993.

Vernon Ann: Counselling Children and Adolescents. Denver, Co: Love 1993.